

Orlofnefnd húsmæðra í Reykjavík

Bt. Allsherjar- og menntamálanefnd

Umsögn Orlofsnefndar kvenna í Reykjavík um frumvarp til laga um afnam laga um orlof húsmæðra þingskjal nr. 166 – 165 mál. 153 Löggjafarþing 2022-2023

Orlofsnefndin lýsir sig alfarið andsnúið frumvarpinu, og telur það byggt á þeim forsendum að jafnréttindi kynjanna sé náð, sem er því miður ekki raunin, þrátt fyrir að lagalegt jafnrétti sé komið lang á leið. Talað er um að orlof húsmæðra sé tímáskekkja.


Orlofsnefndin skipuleggur ferðir næsta árs, um mitt árið á undan. Síðan eru ferðir ársins tilbúnar í okt.-nóv. Þá er nefndin búin að skipuleggja og gera fjárhagsáætlun um kostnað við ferðir ársins. Í lok janúar og byrjun febrúar eru ferðir auglýstar fyrir árið. Ferðafélagar láta skrá sig í febr. til apríl árlega og eru ferðir okkar fullar í apríllok. Með okkur fara milli 350 til 400 manns. Við bjóðum upp á vandaðar og vel skipulagðar ferðir. Nefndarkonur leggja til mikla ólaunaða vinnu og undirbúningsferli hverrar ferðar er langt. Þarfir ferðafélaga er alltaf nr. eitt hjá nefndinni.

Í fyrsta lagi gerir nefndin athugasemd við að lögin eigi að öðlast þegar gildi. Nefndin er þegar búin að skipuleggja ferðir ársins 2023 og farið er að selja í þær. Og sumar eru þegar uppseldar. Nefndin telur að ekki sé hægt að loka á starfsemi nefndarinnar, með dagsetningu aðeins eftir 2 mánuði. Nefndin þarf eitt ár, þar sem við erum farnar að skipuleggja árið 2024.

Nefndin telur að það sé tímabundið hvenær sé hægt að leggja hana niður. Tímarnir hafa breyst og telur nefndin að þessi hópur kvenna, hafi ekki sömu stöðu í jafnréttindismálum, sem raun ber vitni, en við erum í skref í rétta átt. Við teljum bara tímaspursmál hvenær starf orlofnefnda á Íslandi geti fallið niður. Konur í dag hafa ekki ennþá sömu lífeyrisréttindi og aðrir í þjóðfélaginu, þar sem þær gátu ekki unnið, meðan þær voru að ala börnin sín upp. Leikskólar voru ekki fyrir þennan hóp. En við erum í réttri átt

Reykjavík 13.3.2023

F.h.Orlofsnefndar Reykjavíkur


Hulda Ólafsdóttir, formaður


Ingveldur Ingólfsson, gjaldkeri